

Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi. Fylgir ársskýrslu 2016

„Ég tel að þetta snerti eðli upplýsinga. Upplýsingar hafa gildi og réttar upplýsingar hafa gríðarlega mikið gildi. ...

... Samkvæmt Eric Schmidt hjá Google, þá verða jafnmiklar upplýsingar til á tveimur dögum eins og urðu til frá örófi siðmenningar til 2003. Það eru um fimm exobæti af gögnum á hverjum degi. Áskorunin verður ekki að finna fágætu plöntuna sem vex í eyðimörkinni, heldur að finna eina ákveðna plöntu í frumskóginum. Við munum þurfa hjálp til að komast í gegnum allar upplýsingarnar og finna nákvæmlega það sem við þörfnumst.“

Neil Gaiman rithöfundur 2013

Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi. Fylgir ársskýrslu 2016

Starfstími :

Starfstími safnsins hefst um miðjan ágúst á haustin og endar viku eftir skólalok á vorin. Starfsdagur er frá 8.00 til 18.00 á virkum dögum, 8.00 til 15.00 á föstudögum.

Fastir starfsmenn eru tveir, í einni og 75% stöðu. Auk þess unnu nemendur 8 klst á viku.

Starfsfólk safnsins :

Árný Dögg Kristjánsdóttir nemandi, útskrifaðist í desember '15

Eva Björk Björnsdóttir nemandi, útskrifaðist í maí 2016

Fanneý Sól Hreiðarsdóttir nemandi

Rannveig Karlsdóttir kennari

Sigríður Sigurðardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Notendahópur :

Fyrst og fremst nemendur og starfsfólk skólans. Safnkostur VMA er skráður í Gegni, sem er samskrá bókasafna á Íslandi. Öðru hvoru er leitað til bókasafnsins með beiðnir um að fá rit að láni eða að fá sendar skannaðar blaðsíður úr ritum sem eru til hér á safninu. Þetta kallast millisafnalán. Einnig fær bókasafn VMA lánað frá öðrum söfnum, einkum Amtsbókasafninu.

Bæði nemendur og kennarar notfæra sér þennan möguleika.

Aðstaða og safnkostur :

Safnkostur samanstendur af bókum, tímaritum og geisladiskum.

Prentari með skanna er staðsettur á bókasafninu og plöstunarvél.

Af tækjum og tólum má nefna lesbretti til útláns og talgervil, sem lánaður er eingöngu innan skólans.

Nokkur heyrnartól eru til og mikið notuð.

Lesborð á safni eru fyrir 39, auk 21 í lesstofu og 8 í tímaritahorni.

Aðstaða við tölvur er fyrir 41.

Á vormánuðum bættust þrjú lítil hópvinnumborð við. En þannig borð nýttast betur en áður.

Lesstofan hefur verið meira notuð í seinni tíð. Trúlega er það vegna þess að sífellt fleiri hópar vinna á safninu og þeirri vinnu fylgir klíður, sem sumum finnst þægilegt en öðrum ekki. Þá er gott að leita í friðinn í lesstofunni. Einnig fara nemendur þangað með tímarit og lesa í næði. Enn eru aðrir sem notfæra sér rólegheitin og hvíla sig á milli tíma.

Tímarit og árbækur (sem fylgja oft félagsaðild) í áskrift eru 48, að auki berast tímarit endurgjaldslaust. Tímaritin er flest keypt að ósk kennara. Þau eru aðgengileg á bókasafninu um tíma áður en þau fara á deildirnar.

„Heitustu“ tímaritin eru Sagan öll og Lifandi vísindi, einnig eru vinsældir New Scientist að aukast. Einnig eru Hús og híbýli, Gestgjafinn og Vikan mikið skoðuð.

Fréttablöð í áskrift eru Bændablaðið, Fréttablaðið, Morgunblaðið (sem fylgir áskriftinni að gagnagrunninum), Stundin og Vikudagur. Öll þessi blöð eru mikið lesin.

Hvar.is

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum - hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta tímaritsgreina úr um 20 þús. tímaritum og þar af tæplega 4.900 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal bókasöfn framhaldsskóla.

Skráning bóka og tímarita :

Bækur og diskar er skráð í Gegni. Vonandi verður komist í að skrá tímaritin einnig í Gegni næsta vetur.

Allur safnkostur er skráður í Mikromarc, upprunalega skráningakerfið. Safnkostur sem lánaður er út úr skólanum er lánaður út í gegnum Mikromarc.

Helstu rökin fyrir því að ekki hefur verið innleitt útlánakerfi Gegnis er að meiri hluti safnsins er frystur inni á skólatíma og ekki lánaður út, þ.a.l. er ekki mikið um tölvuútlán. Geysilega mikið lánast út af bókum innan skólans til nemenda. Frjálslegur útreikningur sýnir að 13 kennslubækur (ekki verkefnabækur, né bækur á bókavögnum) að maðaltali, lánist á dag í kennslustofur. Það hefur reynst farsælt að láta þau kvitta fyrir og skilja eftir eiginhandararitun sína.

Ef ákveðið verður að taka upp útlánaþátt Gegnis þá er allt tilbúið í það.

Geymsla:

Í vetur hafa starfsmenn safnsins gert átak í að pakka efni sem ekkert hefur hreyfst í mörg ár og kennarar vísa nemendum sínum ekki í. Þetta eru einkum erlend tímarit, gamlar myndbandsspólur og árbækur. Efnið fer í kassa sem eru merktir og geymdir á þann hátt að hugsanlega séu þeir á leið í endurvinnslu innan fárra ára.

Annar safnkostur í kjallaranum. Um er að ræða tvítök tímarita, sem mikið eru notuð og gott að grípa til ef ekki næst í eintökin sem eiga að vera uppi. Einnig eru í kössum bækur og tímarit sem ekki er talið að liggi á að fá upp en nauðsynlegt að hafa við hendina. Þá er heilmikið efni sem bíður þess tíma að stund gefist til frágangs. Þar á meðal er safn Elsu E. Guðjónsson.

Tölvustofurnar :

Litla tölvustofan (15 tölvur) er einkum hugsuð fyrir nemendur sem eru að vinna utan kennslustunda. B02 (22 tölvur) er pöntuð af kennurum og notuð þegar kennari kemur með hóp til að vinna á safninu eða kenna. Ef hún er laus er nemendum boðið að vinna þar.

Námsráðgjafar :

Hafa hillu á safninu þar sem liggja frammi gögn fyrir nemendur um framhaldsnám.

Verkefnavinna og útlán :

Nemendur og kennarar nýta safnið vel. Nemendur nota lausar stundir og vinna. Einnig koma nemendur með kennurum sínum til að vinna verkefni bæði úr gögnum safnsins og til að finna heimildir á netinu. Nýting safnkostsins byggist á miklu samstarfi kennara og starfsfólks safnsins. Kennari afhendir verkefnalista og starfsfólk safnsins tínir til heimildir, sem nemendur nota á safninu. Til að heimildirnar nýtist sem flestum, eru þær ekki lánaðar út nema um helgar og á kvöldin. Nemendur hafa verið duglegir að nýta sér það. Kennarar fá einnig lánaða bókavagna í kennslustofur. Það hefur stundum verið vegna plássleysis á safninu en einnig vegna þess að einfaldara er að halda utan um hópinn í kennslustofunni.

Heimildirnar eru geymdar á bókavögnum og í merktum hillum.

Til gamans má nefna nokkur dæmi um verkefni:

„Hver eru áhrif samskiptatækni nútímans á samskiptahæfni?“

„Íþróttir og fjölmiðlar“ „Endurreisn í Evrópu“,

„Staða kvenna á þjóðveldisöld“, „Gúttóslagurinn“

„Sundið og upphaf sundkennslu“, „Lífsstíll og háþrýstingur“,

„Helstu valdaættir á Sturlungaöld“ „Heilræðakvæði“,

„Tilurð Íraks“, „Búskmenn“,

„Skilgreining Herder á hugtakinu þjóðerni“,

„Hagnýting jarðvarmans“, „Úraníum“,

„Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna“,

„Málarinn Francisco Goya“ „Arabíska vorið“,

„Líffræði og páfagaukar“

Grisjun :

Erfitt er að grisja á safni sem heldur utan um safnkost fyrir svo fjölbreytt starfssvið.

Tímarit eru ekki öll komin inn á timarit.is og er því gott að geta gripið til þeirra í hillunum.

Misauðvelt er að finna myndir eftir listamenn á netinu og bækurnar bjarga okkur enn.

Ótrúlega oft er leitað að gömlum kennslubókum til að finna dæmi, skýringarmyndir eða ná í hugmyndir að verkefnum.

Gamalt efni til samanburðar við það nýja er líka nauðsynlegt.

Það er góð geymsla niðri í kjallara. Allt sem fer þangað niður er í númeruðum kössum. Ef leita þarf að bók er hægt að finna hana í tölvunum, því að listarnir yfir innihald kassanna eru allir geymdir á sínum stað á drifi bókasafnsins.

Það verður spennandi að fylgjast með hvaða áhrif ný námskrá og breyttir kennsluhættir munu hafa á nýtingu safnkostsins og rýmisins. Eðlilega kalla nýjar kennsluáðferðir á nýja uppröðun, nýjar umgengnisreglur eða nýja innkaupastefnu.

Gamlar myndbandsspólur :

Ekki er lengur hægt að nota þær. Eins og gefur að skilja þá er efni á mörgum spólum sem kennarar vilja halda í. Því hefur verið tekið á það ráð að afrita efni á DVD diska. Það er gert á bókasafninu eftir þörfum. Fyrirsjáanlegt er að allt efni á DVD diskum fari inn á myndbandaþjón VMA eða á USB-lykla.

Samstarf :

Upplýsing er Félag bókasafns- og upplýsingafræða. Félagið hefur staðið fyrir reglulegum fræðslufundum í Reykjavík á veturna en þá er ekki einfalt fyrir fólk utan af landi að sækja fundi. Nokkrir félagar á Akureyri, m.a. frá VMA, höfðu því samband við Upplýsingu og fengu styrk til að boða til fræðslufundar á Akureyri í maí. Fengnir voru tveir fyrirlesarar á fund sem haldinn var í

Háskólanum á Akureyri, enda kom frumkvæðið þaðan. Tæplega 30 manns mættu og tókst sérdeilis vel.

Samvinna hefur verið til margra ára milli starfsfólks á bókasöfnunum í framhaldsskólum landsins, einnig milli allra safnategunda á Akureyri.

Seinni partinn í vetur var tveggja daga námskeið í nýjum skráningaraðferðum í Gegni, svokallaðri RDA skráningu.

Starfsmaður á bókasafninu tók þátt í því.

Kynningar og námskeið eru nokkuð reglulega og afbragðsgott ef það er boðið upp á það í heimabyggð.

Vefsíða safnsins :

Það sem einkum er notað á henni eru tenglar í gagnagrunna, einnig sérvaldir tenglar fyrir námsgreinar. Starfsfólk safnsins notar listana mikið.

Vorið 2015 byrjaði hópur að vinna að samræmingu heimildaskráningar og hjálparvef fyrir nemendur og kennara skólans. Síðan er vistuð á vef bókasafnsins:

<https://www.vma.is/is/moya/page/leidbeiningar-fyrir-heimildavinnu-i-vma>

Safnkennsla :

Allir nýnemar eru teknir í safnkennslu í lífsleiknitíma snemma á haustönn. Þá fá þeir örkennslu og gera verkefni. Nokkrir hópar eldri nemenda hafa á hverri önn fengið leiðsögn í upplýsingalæsi, sem er kennsla í meðferð heimilda og vinnu við þær. Einnig kennsla í notkun gagnagrunna, íslenskra og erlendra. Það er gert að ósk kennara og í tengslum við ritgerðavinnu.

Sýningar, kynningar og bókamarkaðir :

Bókamarkaðir, þar sem í boði eru bækur sem bókasafnið telur sig ekki hafa not fyrir eru haldnir reglulega. Þá kostar bókin 50 – 100 krónur og safnast fyrir góðum handbókum í staðinn.

Við innganginn hefur starfsfólki bókasafnsins þótt fyrirtak að vekja athygli á ýmsu efni t.d. því sem bókasafnið á um hátíðir sem eru í

gangi, leikrit eða bíómyndir sem verið er að sýna á Akureyri, efni sem tengist fréttum líðandi stundar, efni um prófkviða, námstækni eða heilsu. Einnig voru fréttagetraunirnar vinsælar. Gestir og gangandi glímdu við „spurningu dagsins“ og fengu svarið daginn eftir ef þeir voru ekki búnir að finna það fyrir.

Grunnskólakynningin:

Einn viðkomustaður grunnskólanemenda var bókasafnið þar sem þau þurftu að leysa gátu til að fá stimpil. Vonandi hefur bókasafnið verið góð kynning fyrir einhverja tilvonandi nemendur skólans.

Í fyrra var gefin út ársskýrsla eftir nokkurra ára hlé. Þessi er að hluta til upprifjun úr þeirri skýrslu og skoðast sem kynning á safninu. Hugleiðingarnar á síðustu síðu eru enn í gildi .

Tengill safnsins er : <http://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn>

Hugleiðingar um framtíðina á bókasafni VMA :

Í skóla með fjölbreytni eins og í VMA er safnkosturinn mikill og húsnæðisþörfin samkvæmt því. Það er t.d. betra að bækur og tímarit séu aðgengileg í hillum en ekki í kössum í geymslu í kjallara. Starfsemi og umsvif safnsins hefur breyst mikið síðan það var stofnað 1987.

Það hefur orðið innrás (jákvæð merking hér) tækja á bókasafnið. Þau tæki sem nú eru á bókasafninu eru ljósritunarvél, prentari, skanni, tölvur, DVD-spilarar, fartölvur, plöstunarvél, brennari, sjónvarp, upptökuvélar, lesbretti, talgervlar.....

Þetta, meðal annars, hefur breytt starfssviði starfsfólksins mikið og er hluti starfsins nú kennsla í upplýsingalæsi og leiðbeiningar við tækjanotkun.

Það er metnaðarmál starfsfólksins, hvort sem um er að ræða bóknám eða verknám að mennta nemendur þannig að þeir séu vel upplýsingalæsir þegar þeir útskrifast úr skólanum.

Tækjavæðing öll kallar á fjölbreyttari nýtingu húsnæðis.

Tveir stækkunarmöguleikar hafa verið nefndir til sögunnar. Annars vegar stækkun upp á þak, hins vegar stækkun í suður. Nánari umfjöllun um báða þessa valkosti, jákvæð og neikvæð, er ekki rædd hér en vísað til upplýsinga annars staðar.

Með breyttum kennsluháttum og nýjum áföngum búum við okkur undir það að notkun bóka og tímarita geti breyst og jafnvel horfum við til þess að breyta fyrirkomulagi húsnæðisins í takt við nýtt kennsluform og áherslur. Það verður þörfin og tíminn að leiða í ljós. Í haust koma vonandi kennarar í tölvustofuna B02 og skoða gagnagrunna og meðferð heimilda. Vinna heimildanefndarinnar (sjá framfar) var kynnt á kennarafundi fyrir ári og kennarar tóku vel í það að fagfundir yrðu notaðir til að skoða upplýsingalæsisvefi og grunna. Vonandi ganga þessar fyrirætlanir eftir.

Eitt er víst og hefur verið sagt oft áður : Bókasafnið mun aldrei þrífast nema til komi gott samstarf við annað starfsfólk skólans.



„En bókasöfn snúast um frelsi. Frelsi til að lesa, frelsi hugmynda, frelsi til samskipta. Þau snúast um menntun (en menntun er ekki ferli, sem lýkur þegar við yfirgefum skóla), um skemmtun, um að búa til örugga staði og um aðgengi að upplýsingum.“

Neil Gaiman rithöfundur 2013

**Bókasafn VMA
2016**